

Fimmtudaginn 21. mars 1991.

Nr. 124/1991. **Ákærvaldið**

gegn

Lárusi Birni Svavarssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Hrafn Bragason og Gunnar M. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. mars 1991, sem ásamt kærugögnum barst Hæstarétti í dag. Krefst hann þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Þá er af hálfu varnaraðila krafist kærumálskostnaðar.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Með skírskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 19. mars 1991.

Ár 1991, þriðjudaginn 19. mars, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Rannsóknarlögregla ríkisins hefur krafist þess, að Lárusi Birni Svavarssyni, kt. 120951-4839, til lögheimilis að Vegghömrum 47 hér í borg, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins (sic) 27. þ.m. kl. 16.00.

Aðfaranótt laugardagsins 16. þ.m. var brotist inn í húsið nr. við Grettisgötu hér í borg og stolið þar kvenpels, að verðmæti u.þ.b. 300.000 kr., myndbandstæki, litlu segulbandstæki og 8-10 geisladiskum. Þegar brotist var inn í húsið, voru íbúar þess sofandi.

Síðdegis í gær handtók lögreglan í Ólafsvík kærða og fann þá í fórum hans pels, sem sannreynt þykir, að hafi horfið í framangreindu innbroti.

Við yfirheyrslur hjá lögreglunni í Ólafsvík og rannsóknarlögreglu ríkisins hefur kærði gefið skýringar á, með hvaða hætti pels þessi komst í vörslur hans. Hefur kærði bæði hjá rannsóknarlögreglu ríkisins og hér fyrir dómi staðfastlega neitað aðild sinni að framangreindum innbrotsþjófnaði. Þá hefur hann greint frá ferðum sínum aðfaranótt sl. laugardags og nefnt á nafn fólk, sem hann hafi hitt þá nótt. Þar kemur m.a. fram, að um sl. helgi hafi hann dvalið í íbúðum við Grettisgötu og Vitastíg við drykkju.

Verið er að rannsaka ætlað brot kærða gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og er rannsóknin enn á frumstigi. Þarf í þessu sambandi að sannreyna framburð kærða með því að yfirheyra þá aðila, sem hann hefur nafngreint. Með vísan til framanritaðs og skírskotun til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að taka kröfu rannsóknarlögreglu ríkisins til greina, eins og hún er fram sett, en skilja verður kröfuna svo, að átt sé við 26. mars.

Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, Lárus Björn Svavarsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til þriðjudagsins 26. mars nk. kl. 16.00.
